# RANGÁRÞING YTRA

## Aðalskipulag 2010-2022 - Frístundasvæði í Múla




Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

**Byggð**

- Landbúnaðarsvæði
- Býli / eyðibýli
- Stofnanasvæði
- Frístundabyggð
- Námur (E)

**Samgöngur**

- Stofnvegir
- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir

**Veitur**

- Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv

**Vernd**

- 289:007 Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- 281:7 Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II,

**Mörk**

- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

### GREINARGERÐ

**1. INNGANGUR**

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í landi Múla í Landsveit (landnr. 164996). Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Svæðið sem breytingin tekur til eru grasi gróin brekka sitt hvoru megin við núverandi bæjarhús.

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð. Samsvarandi breyting er gerð á uppdrætti sveitarfélagins.

Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að stuðla skuli að hagkvæmri þróun byggðar og standa vörð um gott landbúnaðarland.

**2. FRÍSTUNDABYGGÐ**

Gert er ráð fyrir að um 13 ha svæði úr landi Múla verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð, F77. Á frístundasvæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 lóðum. Fjallað er um skilmála frístundabyggðar í kafla 4.3 í greinargerð aðalskipulags. Á uppdrátt sveitarfélagsins bætist við um 13 ha fláki fyrir frístundasvæði og í kafla 4.3 í greinagerð bætist við eftirfarandi texti: *F77. Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum, stærð svæðis er um 13 ha.*

**3. AÐKOMUVEGUR**

Aðkoma er af Landvegi nr. 26, um Hvammsveg nr. 2791 og um núverandi aðkomuveg að bænum Múla.

**4. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR**

Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breyttrar landnotkunar í landi Múla.

| UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **VALKOSTIR** | **Hagrænir og félagslegir þættir** | **Náttúrufar og landslag** | **Heilsa og öryggi** | **Vernd og minjar** |
| **Breytt aðalskipulag** | Byggingaframkvæmdir styðja við stefnu sveitarstjórnar um að styrkja atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum.<br>Fjölgun frístundahúsa og meiri viðvera á svæðinu styður við aðra atvinnu, sérstaklega þjónustufyrirtæki. | Frístundabyggð fylgir yfirleitt trjárækt og fjölbreyttur gróður.<br>Byggingar og skógrækt sem iðulega fylgir frístundabyggð hefur sjónræn áhrif. | Engin áhrif | Engin áhrif |
| **Aðalskipulag 2010-2022** | Nýting ræktunarlands skerðist lítið þar sem svæðið er í nokkrum halla. | Engin áhrif | Engin áhrif | Engin áhrif |

Jákvæð áhrif · Neikvæð áhrif · Óviss áhrif · Óveruleg áhrif

**5. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR**

Bærinn Múli hefur verið í eyði undanfarin ár en núverandi landeigendur hafa byggt þar sumarbústað. Frístundasvæðið er í brekku og skerðir því óverulega gott landbúnaðarland, auk þess sem uppbygging frístundasvæða styrkir byggð og mannlíf í Landsveit. Framkvæmdin styrkir atvinnulíf, a.m.k. á uppbyggingartíma. Sveitarstjórn samþykkir að breyta aðalskipulagi til uppbyggingar frístundasvæðis.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 13.1. 2016 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

[signature]

SKIPULAGSFULLTRÚINN Í RANGÁRÞINGI YTRA

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16. FEB. 2016

[signatures]

Lýsing var auglýst frá _______ til _______

Tillagan var kynnt dags. _______

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá _______ til _______

STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella. S. 487 7800
www.steinsholtsf.is

Hannað: GG, ÁJ, IS
Teiknað: IS

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

| | |
|---|---|
| Verk: 8614 SA104 | Dags: 09.09.2015 |
| Mkv: 1:50.000 | Breytt: |
| Blaðstærð: A3 | |
| Samþykkt: [signature] | |